

Foreldraráð Verslunarskóla Íslands

6. október 2014 klukkan 17:30 í Verslunarskólanum.

Mættir eru:

Sesselja Tómasdóttir, Þórdís, Þórður Þorkelsson, Brynja, Hafsteinn, Svandís, Helga María, Guðjón, María Björk, Helga Sverrisdóttir

Forföll boðuðu: Sigurður Örn Erlingsson, Díana Arnfjörð, Sæunn Gísladóttir

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi viðfangsefni::

- Klára verkaskiptingu í þau hlutverk sem ómönnuð eru og ræða ábyrgðina
- Huga að fundi með skólastjórnendum og nemendaráðsfulltrúum - okkar að óska eftir fundinum og ákveða hvað við viljum ræða / spyrja um - hugmyndir í púkkið:

1. Hvernig veturinn fer af stað
2. Hvernig er andrúmsloftið í skólanum (til stjórnenda og nemenda)
3. Böllin - allt það sem við viljum ræða í sambandi við þau?
4. Mætingakerfið
5. Miðannarmatið - tilgangur þess, hvernig fer það fram, hvernig er það kynnt
6. Hvert er hlutverk Hollvínasamtaka skólans sem er nýstofnað
7. o.fl. ?

- Facebook síðan
- Ballgæslan - virkja foreldra í vetur - næsta ball o.s.frv.
- Greiðslur í foreldrafélagið ... hafa margir greitt gíróseðlana, hver er staðan?
- Fundir foreldraráðsins - setja niður grófa áætlun til viðmiðunar
- Annað

1. Fundarmenn kynntu sig hver fyrir öðrum enda fyrsti fundur nýrrar stjórnar. Mættir stjórnarmenn eru allir að koma nýir inn í foreldraráðið fyrir utan Þórdísi. Ánægjulegt að foreldraráðið er skipað foreldrum úr öllum árgöngum skólans.

2. Verkaskipting. Að mestu var búið að skipa í stöður innan stjórnar en þó átti eftir að bæta við í útkallsdeildina fyrir skólaböllin og í facebook-umsýsluna sem gengið var frá á fundinum og verður listinn uppfærður á heimasíðu skólans

3. Fyrsti fundur skólanefndar hefur verið boðaður 7. október og fengu fulltrúar foreldraráðs í skólanefndinni fundarboð en fulltrúi foreldraráðs er boðaður á annan hvern fund skólanefndar. Bæði Helga Sverrisdóttir fulltrúi foreldraráðs í nefndinni og Helga María varafulltrúi ætluðu báðar að mæta á þennan fyrsta fund þó alla jafna sé

4. Facebook-síðan. Rætt var um hana frá ýmsum hliðum og hversu mikilvæg hún er í því að miðla upplýsingum til foreldra og nauðsynlegt sé að passa upp á að hún sé lifandi eins og hún hefur verið. Aðalritstjóri síðunnar, Lena Lenharðsdóttir fv stjórnarmaður, hefur staðið sig eins og hetja í að miðla upplýsingum og er enn sem stjórninni þykir mikilsvert og vonandi heldur hún áfram sem lengst.

Einnig þarf að passa upp á að svara strax fyrirspurnum sem koma í pósthólflið. Í því samhengi var rætt að stjórnarmenn þyrftu í einhverjum tilvikum að geta rætt saman til þess að sammælast um svör í viðkvæmum málum þannig að svarið

kæmi frá stjórninni en ekki einstökum stjórnarmeðlimum. Ákveðið varað búa til lokaða spjallgrúppu á fb fyrir stjórn og tók Hafsteinn aðal-facebookfulltrúi stjórnar það að sér

Í framhaldi af þessu var rætt um almennt pósthólf hjá foreldraráðinu og hvort það væri virkt en til er netfangið foreldrarad@verslo.is. María Björk tók að sér að kanna stöðuna á því fyrirkomulagi annað hvort hjá Þorkeli aðstoðarskólalastjóra eða Ellý fyrrum formanni.

5. Ballgæsla – Svandís og Guðjón eru útkallsstjórar bera ábyrgð á skipulagi ballgæslu og samskiptum við Kristínu Huld námsráðgjafa varðandi upplýsingar, vesti og fleira. Rætt hefur verið um að 8-10 manns sé alveg lágmarksfjöldi foreldra í gæslu á böllum 10-15 ákjósanlegasti fjöldinn Mikilvægt að reyna að búa til stemningu meðal foreldra að gefa kost á sér og virkja sem flesta bekkir. Síðasta vetur var skipt á milli bekkja í 3ja og 4ða bekk þannig að 2-3 bekkir ættu "vaktina" hverju sinni til að dreifa álaginu. Halda þessu fyrirkomulagi en hugsa jafnframt fleiri leiðir. Rætt var um mikilvægti þess að geta sent foreldrum tölvupóst líka beint í stað þess að nota bara facebook síðuna eða fara í gegnum Þorkel eins og verið hefur – kannað verður hvort sá möguleiki er til staðar eða hvort einhver hindrun er og þá hver.

Næsta ball verður haldið 28. október í Hörpu. Flestir fulltrúar foreldraráðsins ætla að taka að sér vaktina til að setja sig inn í málin og "upplifa" stemninguna strax. Svandís og Guðjón verða í sambandi við Kristínu Huld þegar að nær dregur og munu upplýsa stjórnina í framhaldi sem og að hafa umsjón með því að biðla til fleiri foreldra ef þörf þykir. Þar sem að nú er komið fjármagn í sjóð foreldraráðsins verður hægt að bjóða foreldrum í gæslu upp á heitt kakó/kaffi og með því til hressingar.

6. Fundur fulltrúa foreldraráðsins með skólalastjórnendum og nemendaráðsfulltrúum. Nú þarf að fara að huga að þeim fundi –en það er okkar að óska eftir honum og ákveða hvað við viljum ræða / spyrja um. Þegar eru komnar nokkrar hugmyndir í púkkið og verður svo bætt við eftir því sem nær dregur og tilefni er til:

1. Hvernig veturinn fer af stað
2. Hvernig er andrúmsloftið í skólanum (til stjórnenda og nemenda)
3. Böllin - allt það sem við viljum ræða í sambandi við þau.
4. Mætingakerfið- greinilegt að foreldrum finnst það afar stíft og erfitt og jafnvel ósanngjarnt. Foreldrar ætla að kanna hvernig þessu er háttað annars staðar og biðja um að fá útskýringar á þessu kerfi, og rök fyrir því af hverju kerfið er eins og það er í dag.
5. Miðannarmatið - tilgangur þess, hvernig fer það fram, hvernig er það kynnt. Okkur finnst það nauðsynlegt að það sé alveg skýrt hvað er verið að meta og til hvers matið er notað.
6. Hvert er hlutverk Hollvinasamtaka skólans sem er nýstofnað?
7. 3 ára nám- stytting framhaldsskólanáms. Hvaða áhrif hefur það á nemendur með tilliti til náms og félagslífs?

Ákveðið var að góð tímasetning fundarins væri eftir næsta skólaball og tekur María Björk að sér að óska eftir fundinum með skólastjórnendum og tilkynna svo tímasetninguna.

7. Greiðslur í foreldrafélagið. Þann 3. október höfðu 411 foreldrar greitt félagsgjaldið, staða reikningsins var 344.657 krónur en greidd höfuð verið innheimtugjöld að andvirði 271.843 krónur. Fundarmönnum virðist á yfirlitinu sem gjöld til bankans væru mjög há en þekktu ekki allar forsendur sem lágu þar að baki. Mat stjórnin þáð sem svo að rétt væri að spyrja gjaldkera og fyrrverandi formann foreldraráðsins út þær ákvarðanir sem teknar voru í þessu samhengi þar sem að hvorugur aðili var til svara á fundinum. Jafnframt var rætt um það hvort ekki væri nauðsynlegt í framhaldi að reyna finna leiðir til að lækka þennan kostnað og ákveðið að fela gjaldkera þáð verkefni að kanna hvaða möguleikar væru í stöðunni.

Gjaldkeri var í því ferli að stofna fyrirtækjabanka fyrir félagið og hafði skilað inn viðeigandi skjali fyrir stjórnina að undirrita sem heimilaði honum að opna bankann. Það var og gert og undirrituðu allir fundarmenn skjalið.

8. Fundir foreldraráðsins. Rætt var um að það væri ágætt að hafa gróft yfirlit yfir það hvenær fundir yrðu haldnir og stefnt að því að ná a.m.k. tveimur fundum fyrir jól. Halda næsta fund áður en að fundur með skólastjórnendum verður haldinn til að stilla saman strengi. Til þess foreldraráðsfundar verður boðað þegar að tímasetning fundar með skólastjórnendum liggur fyrir.

8. María Björk kynnti bók frá Menntamálaráðaneytinu sem heitir Ungt fólk og framhaldsskólar. Um er að ræða bók sem Rannsókn og Greining gefur út og fengu þátttakendur á aðalfundi foreldraráðsins kynningu á þeim kafla er snýr að Verzlunarskólanum.

Fleira var ekki rætt á fundinum og fundi slitið klukkan 19:00

hs